

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 5/2023

Fundarstaður: Viðey, Eiríksstöðum og á Teams

Fundartími: 8. mars 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Helga Eyjólfsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Guðríður Kristín Þórðardóttir, Guðrún I. Gylfadóttir (varamaður BG), Pétur S. Gunnarsson, Sif Ormarsdóttir og Örvar Gunnarsson, Eva Ágústsdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Björn Guðbjörnsson

1) Fundargerð nr. 3/2023

Fundargerðin samþykkt

2) Kynning á tillögum L-lyfjahóps

Einstaklingsbundin greiðsluþáttaka

Ekki eru ekki gerðar athugasemdir við tillögur L-lyfjahóps og þær teljast því samþykktar

3) Umsagnir um leyfisskyldu

Lyfjanefnd mun óska eftir leyfisskyldu fyrir eitt lyf:

Tolvaptan (Jinarc) – nýtt lyf

4) Verklagsreglur lyfjanefndar – uppfærsla

Drög að uppfærðum verklagsreglum lyfjanefndar lögð fram. HE gerir grein fyrir helstu breytingum sem gerðar hafa verið frá fyrri útgáfu. Lögfræðingur Landspítala hefur lesið drögin yfir og tekið hefur verið tillit til athugasemda frá honum. Helstu breytingar eru:

- Mikilvægt er að hlutverk lyfjanefndar varðandi útboð, sem felst fyrst og fremst í ráðgjöf við innkaupadeild, sé skýrt og því þarf að setja aðkomuna í formlegra ferli.
- Hlutverk þjónustuteymis lyfjanefndar er skilgreint betur en áður var.
- Hlutverk formanns, og varaformanns í hans fjarveru, er skýrt.
- Starfshópur um gæði og öryggi er lagður niður.
- Skilgreint nánar hvaða gögn skuli birta á opnu vefsvæði.
- Hæfi nefndarmanna verður kannað í upphafi funda lyfjanefndar.

Verklagsreglur samþykktar með fyrirvara um orðalagsbreytingar með öllum greiddum atkvæðum

5) Önnur mál

a) Stefnuyfirlýsing Nordisk Lægemiddelforum

RE kynnir stefnuyfirlýsingu Nordisk Lægemiddelforum sem er norrænn samstarfsvettvangur fyrir opinber lyfjainnkaup á Norðurlöndunum.

b) Reglugerð um notkun lyfja af mannúðarástæðum

HE kynnir drög að reglugerð um notkun lyfja af mannúðarástæðum. Upphafleg drög fóru í samráðsgátt og nú hefur verið tekið til athugasemda sem þar bárust. Lyfjanefnd hefur frest til morguns til að gera athugasemdir.

Nefndin mun gera athugasemd er varðar ábyrgð og aðkomu heilbrigðisstofnunar sem meðferðarlæknir starfar á því ekki er kveðið á um hana í drögunum. Með lyfjagjöf þarf

oft að nota aðstöðu og starfskrafta annarra starfsmanna og viðkomandi stofnun þarf að geta haft eitthvað um það að segja.

Fundi slitið kl. 15:15